

**Fundur í fræðslunefnd Skaftárhrepps verður haldinn þriðjudaginn 5. mars 2019, kl. 16:00 í Kirkjubæjarstofu.**

**Dagskrá:**

- 1) Fræðslunefnd kl. 16:00.**
  - a) Afgreiðsla erindis frá 4. nóvember 2018.
  - b) Skólamál almennt.
  - c) Önnur mál.
- 2) Heilsuleikskólinn Kæribær kl. 16:30.**
  - a) Skólastjóri hefur orðið.
  - b) Námskrá Heilsuleikskólans Kærabæjar (til samþykktar).
  - c) Neyðaráætlun
  - d) Starfsmannamál.
  - e) Húsnæðismál.
  - f) Símenntunaráætlun (til kynningar en samþykktar síðar).
  - g) Önnur mál.
- 3) Tónlistarskóli Skaftárhrepps kl. 17:30.**
  - a) Skólastjóri hefur orðið.
  - b) Starfið framundan/staða nemenda.
  - c) Önnur mál.
- 4) Kirkjubæjarskóli á Síðu kl. 18:00.**
  - a) Skólastjóri hefur orðið.
  - b) Skólanámskrá.
  - c) Sérkennsla/Einstaklingsnámskrá.
  - d) Starfsmannamál.
  - e) Önnur mál.

**FRÆÐSLUNEFNDARFUNDUR**  
**HALDINN 21.11.2018 Á KIRKJUBÆJARSTOFU Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI**  
**KI. 16:00**  
**Fundur nr. 161**

Mættir eftirtaldir nefndarmenn:

Þorsteinn M. Kristinsson (D), Einar Bárðarson (D), Davíð Andri Agnarsson (D), Arndís Jóhanna Harðardóttir (Z) og Fanney Ásgeirs dóttir (Z).

Einar Bárðarson ritar fundargerð.

Formaður setur fund og býður alla velkomna.

Dagskrá er eftirfarandi:

**1) Fræðslunefnd kl. 16:00.**

**a) Afgreiðsla erindis frá 4. nóvember 2018.**

Fundur var haldinn með Forstöðumanni skólapjónustu, Skólastjóra og skipuðum fulltrúum frá fræðslunefnd vegna erindissins. Formanni fræðslunefndar er falið að svara erindinu bréfleiðis til þeirra sem undir erindið skrifa.

**b) Skólamál almennt.**

Skaftárhreppur hefur fengið mannauðssstjóra til að fara yfir starfsmannamál innandyra í skólanum og er það ósk fræðslunefndar að allir starfsmenn skólans taki virkan þátt í að byggja upp jákvæðan og góðan starfsanda innan skólans.

**c) Önnur mál.**

Engin önnur mál

**2) Heilsuleikskólinn Kæribær kl. 16:30.**

Guðrún Sigurðardóttir Leikskólastjóri mætir á fundinn.

**a) Skólastjóri hefur orðið.**

Leikskólastjóri fer yfir starfssemi Leikskólans Kærabæjar. Öll pláss í ný viðbyggðum leikskólanum eru nú nær full nýtt og eru alls 29 börn í leikskólanum.

**b) Námskrá Heilsuleikskólans Kærabæjar (til samþykktar).**

Leikskólastjóri fer yfir námskrá sem búið er að vinna að í nokkurn tíma og er námskráin vel sett fram fyrir starfsfólk og stjórnanda til að vinna eftir. Fræðslunefnd bakkar Leikskólastjóra fyrir vandaða og skýra Námskrá. Fræðslunefnd samþykir Námskrá Leikskólans Kærabæjar.

**c) Neyðaráætlun**

Neyðaráætlun vegna óðviðráðanlegra aðstæðna hefur verið til í nokkurn tíma. Áætlunin tekur á forgangsröðun vistunartíma barna komi til undirmönnunar í leikskólanum. Fræðslunefnd harmar að tvívegis hefur þurft að virkja áætlunina veturinn 2018-19 vegna forfalla starfsmanna. Fræðslunefnd bókaði um forföll starfsmanna á 160. fundi sínum 21/11

2018 og ítrekar fræðslunefnd ósk sína að forföll og fjarvistir bitni sem minnst á starfsemi leikskólans Kærabæjar.

**d) Starfsmannamál.**

Öll stöðugildi eru fullmönnuð en fjarvistir starfsmanna hafa bitnað á starfi leikskólans í veturna. Leikskólastjóri hefur leitað leiða til að fá afleysingu inná leikskólann í forföllum starfsmanna.

**e) Húsnæðismál.**

Öll vistunarpláss eru fullnýtt á leikskólanum eins og staðan er í dag. Fræðslunefnd hvetur sveitarstjórn til að skoða af fullri alvöru og flýta því sem frekast er að hefja skipulags og hönnunarvinnu vegna færslu á leikskólanum að Kirkjubæjarskóla á Síðu.

**f) Símenntunaráætlun (til kynningar en samþykktar síðar).**

Símenntunaráætlun starfsmanna er lögð fram til kynningar og fagnar fræðslunefnd því að unnið verði skipulega að símenntun starfsmanna leikskólans og styður áframhaldandi vinnu við gerð Símenntunaráætlunar.

**g) Önnur mál.**

Verkefnaáætlun er lögð fram til kynningar og gerir Fræðslunefnd engar athugasamdir við verkefnaáætlun.

**3) Tónlistarskóli Skaftárhepps kl. 17:30.**

Zbigniew Zuchowicz Skólastjóri Tónlistarskóla Skaftárhepps mætir til fundarins

**a) Skólastjóri hefur orðið.**

Allt gengur vel í tónlistarskólanum. Fjölgun hefur orðið í nemendahóp Tónlistarskólans og eru nemendur nú 20, þar af tveir fullorðnir.

Tónlistarskólinn hefur lagt áherslu á að kynna ný hljóðfæri fyrir nemendum.

**b) Starfið framundan/staða nemenda.**

Tónlistarskólinn hélt jólatónleika með kirkjukórnum á aðventunni.

Tónlistarskólinn tók virkan þátt í árshátíð Kirkjubæjarskóla og sáu nemendur Tónlistarskólans um undirleik á árshátíðinni.

Dagleg kennsla hefur gengið vel. Til stendur að nemendur fari í námsmatspróf í vor. Mögulegt að einhverjir nemendur taki stigspróf frá Tónlistarskólanum í vor.

Tónlistarskólinn stefnir á að halda listahátíð með kirkjukór, tónlistarmönnum og fleirum listamönnum úr Skaftárheppi 24.apríl, síðasta vetrardag. Tónlistarskólinn mun leita aðstoðar menningarmálanefndar við að halda hátíðina.

**c) Önnur mál.**

Húsnæði Tónlistarskólans er að mati skólastjóra ásættanlegt en Skólastjóri er meðvitaður um að breytingar á húsnæðismálum eru í farvatninu en leggur áherslu á að Tónlistarskólinn starfi helst innan veggja grunnskólans.

**4) Kirkjubæjarskóli á Síðu kl. 18:00.**

Mættar eru til fundarins:

Katrín Gunnarsdóttir Skólastjóri

Linda Agnarsdóttir Fulltrúi kennara

Lilja Harðardóttir Fulltrúi foreldrafélagsins.

**a) Skólastjóri hefur orðið.**

Skólastarf hefur gengið nokkuð vel í veturn en einusinni hefur þurft að aflýsa skóla vegna veðurs

Skólinn hefur verið að taka upp nýja aðferð við lestarþálfun og skimun sem heitir lesfimi.

Árshátið Kirkjubæjarskóla gekk frábærlega og stóðu nemendur skólans sig með stakri prýði

Samræmd próf fara fram 11-13 mars í 9. bekk

Vísindaferð verður farin 20-22. Mars og eru nemendur 8-10 bekkjar þátttakendur í vísindaferð.

Farið verður með nemendur 9-10 bekkjar á starfamessu á Selfoss 10. apríl Upplestrarkeppni verður 8. Apríl á Hvolsvelli og mun Kirkjubæjarskóli eiga two fulltrúa í keppninni.

Töluverð fjarvera hefur verið meðal kennara og hefur heildar fjarvera verið 562 kennslustundir, 16,3 kennsluvikur. Heildarfjarvera allra starfsmanna skólans eru 308 dagar frá 23.ágúst-28. febrúar, 22 dagar á starfsmann að meðaltali. Þetta eru heildar fjarvistir, óflokkad. Ljóst er að álag skapast á starfsemi skólans þegar fjarvistir eru svo miklar sem raun ber vitni.

**b) Skólanámskrá.**

Skólastjóri hefur unnið eftir skólanámsskrá sem unnin var í grunninn árið 2014. Skólastjóri hefur unnið að smávægilegum leiðréttингum í

Skólanámskránni. Fræðslunefnd samþykir fyrirliggjandi skólanámskrá.

Skólastjóri leggur áherslu á að Skólanámská verði endurskoðuð og til þess verði skipuð nefnd til að vinna að endurskoðuninni. Skólastjóri leggur til að lagt verði af stað í endurskoðun á Skólanámskránni í september 2019 í samstarfi og samráði við kennara, foreldrafélag, nemendur og skólaráð.

Lilja Harðardóttir lýsir áhuga foreldrafélags að taka virkan þátt í vinnu við Skólanámskrá.

**c) Sérkennsla/Einstaklingsnámskrá.**

Fræðslunefnd hefur farið í vinnu varðandi sérkennslu í Kirkjubæjarskóla.

Að þeiri vinnu komu tveir fulltrúar frá Fræðslunefnd, Edda Antonsdóttir frá Skólapjónustunni og Katrín Gunnarsdóttir skólastjóri.

Sett hefur verið í gang vinna við lagfæringar við verkferla við sérkennslu og einstaklingsnámskrá.

Lögð verður jöfn áhersla á að greina nemendur í skólanum og aðlaga nám að þeirra þörfum.

**d) Starfsmannamál.**

Fram komu upplýsingar um fjarvistir í máli skólastjóra í lið a í fundargerðinni og lýsir fræðslunefnd áhyggjum sínum yfir fjarvistunum.

1 starfsmaður er í fæðingarorlofi.

Búið er að leysa íþróttakennslu fram á vor með stundakennurum.

Breytingar verða á starfsmannahaldi skólans í vor þar sem kennari hefur óskað eftir leyfi og einn kennari stefnir á búnferlaflutninga.

Skólastjóri lýsir því að atvik hafi átt sér stað innan skólans sem taka þurfi á. Skólastjóri harmar atvikið og hefur verið ákveðið að fara í vinnu innan



skólans til að taka á samskiptum og lagfæra samskipi starfsmanna innan skólans. Ráðgjafafyrirtækið Attentus hefur verið fengið til að vinna með starfsmönnum skólans að verkefninu.

Fræðslunefnd veitir Skólastjóra heimild til að skipuleggja dag þar sem mögulega gæti þurft að leggja niður kennslu einn dag til að vinna að bættum samskiptum meðal starfsmanna skólans.

**e) Önnur mál.**

Reglur um mótnueytí Kirkjubæjarskóla.

Sveitarstjóri, skólastjóri og matráður unnu reglurnar.

Reglur mótnuyttissins hafa farið fyrir stjórn foreldrafélagsins, starfsmenn skólans og hefur verið boðið upp á að koma fram með athugasemdir í vinnu við reglurnar. Engar athugasemdir komu frá neinum aðilum sem málið varðar.

Fræðslunefnd óskar þess að sem fyrst verði farið í að koma upp þeirri aðstöðu sem þarf til að uppfylla reglurnar.


Fundargerð foreldrafélagsins dags 11/2 lagt fram til kynningar.

Fræðslunefnd fagnar því að fá upplýsingar um starfsemi foreldrafélagsins en bendir foreldrafélaginu á að sé þess óskað að erind séu tekin fyrir á fundi fræðslunefndar fái fræðslunefnd erindi frá foreldrafélagi.


Húsnæðismál skólans eru ekki í nógu góðu lagi. Unnið verður að endurbótaáætlun í skólanum á næstu misserum.

Fleira ekki gert á fundi.


Fundi slitið 19:20




Þorsteinn M. Kristinsson



Davíð Andri Agnarsson



Arndís Harðardóttir



Fanney Ásgeirsdóttir



Einar Bárðarson